

AUGLÝSING

um nýtt deiliskipulag í Reykjavíkurborg.

Efstaleiti, RÚV-reitur.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 21. júlí 2016, deiliskipulag sem nær til reita 1.745.4, 1.745.0 og 1.745.1 og afmarkast af Listabraut í norðri, Bústaðavegi í suðri, Efstaleiti í vestri og Háaleitisbraut í austri. Svæðið er í dag 5 lóðir, Efstaleiti 1, 3, 5, 7 og 9. Í tillögunni felst uppbygging á lóð RÚV við Efstaleiti og samliggjandi lóðum innan reitsins með þéttingu og gæði byggðar að leiðarljósi. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 13. september 2016.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 16. september 2016